

14. desember 2021, Sveitarfélagið Vogar

Efni: Endurbætur fráveitu Vogum - Útrás - Dælu- og hreinsistöðvar

Svör við einstökum atriðum sem koma fram í umsögnum vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu.

Umsögn Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun telur að áður en framkvæmdir hefjast á svæðinu þurfi að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þar sem talið er að verbúð hafi staðið.

Svar: Fenginn verður fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurð til að athuga með mögulegar minjar áður en framkvæmdir hefjast.

Umsögn Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun vekur athygli á að æskilegt er að notast sé við blágrænar ofanvatnslausnir, t.d. að ofanvatnið sé hreinsað með því að veita því í settjörn áður en það er losað út í viðtaka.

Svar: Vandkvæðum bundið að koma því þar sem settjörnin þyrfti að vera í grennd við Mýrarhúsatjörn sem gæti orðið fyrir áhrifum frá settjörninni þar sem hún yrði á sama vatnasvæði og tjörnin.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að gert sé ráð fyrir aðstöðu til að taka sýni í hreinsistöðinni áður en fráveituvatn er losað út, svo auðvelt sé að fylgjast með mengunarefnum sem losuð eru í viðtaka.

Svar: Gert verður ráð fyrir að mögulegt verði að taka sýni úr fráveituvatni í stöðinni.

Umhverfisstofnun tekur undir að ólíklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki og vatnabúskap tjarnarinnar en bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði utan varptíma og að frágangur sé góður svo verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Svar: Framkvæmdin eru þess eðlis að hún þarf að eiga sér stað á þeim árstíma þegar veðurfar og tið er hagstæð til framkvæmda á sjó og í fjöru. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að fuglalíf raskist ekki yfir varptímann. Framkvæmdin er á takmörkuðu svæði og leitast verður við eftir því sem tök eru á að hún hafi sem minnst áhrif á svæðið á meðan á framkvæmdinni stendur og að þeim loknum.



Sveitarfélagið
Vogar

Umsögn Hafnarfélagsstofnunar:


Í kafla 4.2 kom fram að ekki hafi orðið vart við sýnilega mengun í fjörum og að magn saurkólicherla sé lágt skv. mælingum. Æskilegt er að með erindum sem þessu fylgi mælingar sem gerðar eru eða ítarlegri upplýsingar um þær. Einnig hefði verið akkur í því að útskýrt væri hvað átt væri við með sýnilega mengun og hvernig hún er metin.

Svar: Mælingar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á magni saurkólicherla á svæðinu liggja fyrir og fylgja hér með, eru þær aðgengilegar á heimasíðu HES:

<https://hes.is/wp-content/uploads/2021/11/Sjosynataka-21-byting.jpg>

Með sýnilegri mengun er átt við hvort sýnilegir hlutir, s.s. saur og salernispappir, sé sýnilegur á sjó eða í fjörum og er það metið með sjónskoðun.

Virðingarfyllst,


 **Vogar**
Skipulags-
og
byggingarfélag

Davíð Viðarsson

Sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

